



# Nauðsynlegt að hafa þvottastöð á byggingarsvæði

**Bogi Auðarson** segir að það skipti miklu máli að hafa þvottastöð á byggingarsvæðum til að minnka drullu á götum borgarinnar.

Marta María | mm@mbl.is

**M**oby Dick-þvottastöðin er svissnesk hágæða hjóla- og undirvagna-þvottastöð sem er framleidd af fyrirtækinu Frutiger, en það er með yfir 30 ára reynslu í mengunarvörnum á jarðvinnu- og byggingarsvæðum. Þvottastöðin á Landspítalareitnum er af gerðinni KIT Plus 600 MB-50, 6 metrar að lengd með steypu pláni báðum megin við stöðina. Stöðin er sjálfvirk þar sem vörubílar/vinnuvélar keyra framhjá skynjara sem ræsir vatnskerfið í 30 sekúndur. Fjöldi vatnsspíssa þrífur ryk og drullu af undirvagni og hjólum sem síðan skolast niður í 60.000 lítra vatnstank. Þar setjast jarðefni á botninum sem síðan er dælt úr tanknum,“ segir Bogi.

Hvers vegna er nauðsynlegt að þrifa hjól og undirvagna?

„Vörubílfreiðar og vinnuvélar á byggingarsvæðum vinna í umhverfi þar sem aur, drullu og ryk er óhjákvæmilegur fylgifiskur framkvæmda.

Ef ekkert er að gert til að hamla því að óhreinindi berist frá byggingarsvæði út á götur er það ógn við heilsu fólks í formi aukins svifryks svo ekki sé minnst á aukinn kostnað sem hlýst af þrífum á götum og bifreiðum.“

Er dýrt að koma upp svona þvottastöð?

„Taka þarf alla þætti inni heildarmyndina þegar skoðuð er kaup á þvottastöð fyrir byggingarsvæði. Kostnaður við þvottastöð er hverfandi miðað við þann ávinning sem skapast í formi bættrar heilsu og hreinna umhverfi. Hægt er að fá margar stærðir og gerðir af þvottastöðvum sem kosta frá meðal fólksbíl og allt uppí lúxusbifreið,“ segir hann.

Gæti Reykjavíkurborg sparað meiri peninga ef það væri skylda að koma upp svona þvottastöð á byggingarsvæðum?

„Reykjavíkurborg, sveitarfélög og fagaðilar sem halda utan um útboð á stærri verkum geta klárlega gert meira í mengunarvörnum með notkun þvottastöðva á byggingarsvæðum. Frá fjölmörgum byggingarsvæðum berst nú aur og drullu um götur sem veldur auknum þrífkostnaði borgar og bæjar-



Bogi Auðarson  
hjá Verkfæri ehf.

félaga. Kostnaður við þríf myndi lækka umtalsvert ef þvottastöðvar á byggingarsvæðum yrðu notaðar í auknum mæli. Svifrykið á götunum hefur einnig slæm áhrif á heilsu og það eykur kostnað á heilbrigðiskerfið.“

Hverju hefur þvottastöðin skilað á Landspítalareitnum?

„Jarðvinna á Landspítalalóðinni felst meðal annars í upprifi á núverandi yfirborði gatna, göngustíga, bílastæða og grænna svæða, ásamt allri jarðvinnu fyrir meðferðarkjarna. Um mikið efnismagn er að ræða sem krefst samræmingar og skipulagningar á umferð til og frá verkstað sem og góðra mengunarfarna. NLSH ohf og ÍAV leggja mikla áherslu á vandaðar umhverfisvarnir í og við byggingarsvæði nýja Landspítalans við Hringbraut. Þvottastöðin er að skila Landspítalareitnum minna svifryki sem hefur góð áhrif á starfsfólk og sjúklinga Landspítalans sem og nærliggjandi íbúa.“

Hefur þetta jákvæð áhrif á umhverfisvernd?

„Þvottastöðin er liður NLSH ohf og ÍAV að leggja sitt á vogarskálarnar til að stuðla að betri heilsu landsmanna en svifryksmengun hefur farið yfir heilsuverndarmörk sjö til tuttugu sinnum á ári undanfarin ár samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar. Ryk og óhreinindi á götum borgarinnar hafa í gegnum árin verið íbúum höfuðborgarsvæðisins til ama, þá sérstaklega astma- og lungnasjúklingum sem jafnvel þurfa að halda sig innan dyra. Þvottastöðin mun skila hreinni götum og minna svifryki fyrir íbúa höfuðborgarsvæðisins, þá sérstaklega fólki með undirliggjandi öndunarfæra- og hjartasjúkdóma sem er viðkvæmast fyrir heilsuspillandi áhrifum svifryks. Það hefur orðið jákvæð umhverfisvakning fyrirtækja í jarðvinnugeiranum undanfarin ár sem í grunninn snýr að bættri umgengi við landið okkar og heilsu samborgara.“

Moby Dick þvottastöðina er hægt að flytja á milli byggingarsvæða án mikillar fyrirhafnar.

„Það sem skiptir máli er að rétt staðsetning sé valin á vinnusvæði þar sem stutt er í útkeyrslu af svæðinu.“